

# Reglur Júpíters rekstrarfélags hf. vegna sjóðsdeilda Eignastýringarleiða

## 1. gr.

### Heiti sjóðsins

Heiti sjóðsins er Eignastýringarleiðir. Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Júpíter rekstrarfélag hf., kt. 520506-1010, Borgartúni 25, 105 Reykjavík.

## 2. gr.

### Deildaskipting sjóðsins

Eignastýringarleiðir er deildaskiptur sjóður og starfar í sjóðsdeildum sem hafa aðskilinn fjárhag og lúta fyrirfram ákveðinni fjárfestingarstefnu. Hver sjóðsdeild er aðgreind sérstaklega í bókhaldi og í upplýsingakerfum Júpíters rekstrarfélags hf. Hver sjóðsdeild ber ábyrgð á sínum skuldbindingum. Þó bera deildir sjóðsins óskipta ábyrgð á sameiginlegum kostnaði þeirra.

Júpíter rekstrarfélag hf. gefur út hlutdeildarskírteini til þeirra sem þess óska eða aðrar staðfestingar á tilkalli til hlutdeildar að viðkomandi sjóðsdeild. Allir sem eiga hlutdeild að sjóðsdeildum Eignastýringarleiða eiga sama rétt til tekna og eigna viðkomandi sjóðsdeildar í hlutfalli við eign sína.

Júpíter rekstrarfélag hf. heldur skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteinishafa. Í skránni er kveðið á um: nafn og kennitölu eiganda, söludag skírteinis, nafnverð skírteinis, heildarfjöldi útistandandi skírteina, sbr. 25. gr. laga nr. 128/2011.

Sjóðsdeildir Eignastýringarleiða eru nú:

Nafn	Kennitala
Eignaleið I - Skuldabréfasafn	630713-9940
Eignaleið II - Varfærið safn	630713-9860
Eignaleið III - Blandað safn	630713-9780
Eignaleið IV - Vaxtarsafn	590516-9610
Eignaleið V - Hlutabréfasafn	630713-9510

## 3. gr.

### Fjárfestingarstefna sjóðsins

Júpíter rekstrarfélag hf. hefur afmarkað fjárfestingar Eignastýringarleiða og einstakra sjóðsdeilda hans. Fjárfestingarstefnur einstakra sjóðsdeilda fela í sér þær áherslur sem stjórn Júpíters rekstrarfélags hf. telur rétt að leggja til grundvallar í fjárfestingum þeirra.

Fjárfestingarstefna einstakra sjóðsdeilda er eftirfarandi:

#### (A) Eignaleið I – Skuldabréfasafn

Fjárfestingarmarkmið Eignaleiðar I – Skuldabréfasafns er að auka verðmæti eigenda sjóðsins á virkan hátt með fjárfestingum í skuldabréfum og víxlum í íslenskum krónum útgefin af íslenska ríkinu eða með ábyrgð íslenska ríkisins. Jafnframt hefur sjóðsdeildin heimild til að fjárfesta í öðrum innlendum skuldabréfum og innlánnum fjármálafyrirtækja. Fjárfestingar sjóðsins eru í verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestastjóðum auk stökum verðbréfum. Nánari sundurliðun fjárfestinga er í töflu hér að neðan.

Sjóðurinn nýtir sér heimild 2. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 til að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða allt að 20% af eignum sínum.

Sjóðurinn nýtir sér heimild 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 til að binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðsins í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda enda sé fjárfesting yfir 20% af eignum sjóðsins aðeins í einum útgefanda.

Sjóðurinn nýtir sér heimild 5. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 til að fjárfesta meira en 30% af eignum sjóðsins í fjárfestingarsjóðum.

Þá er sjóðnum heimilt, skv. b-lið, 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011, að binda allt að 30% eigna sinna í innlánnum fjármálafyrirtækja.

Í 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði, er kveðið á um hámark fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og innlánnum sama útgefanda.

Aðrar fjárfestingarheimildir 59. gr. laga nr. 128/2011 er sjóðsdeildinni ekki heimilt að nýta. Að öðru leyti fer því um fjárfestingar sjóðsins eftir II. kafla F í lögnum sem gildir um fjárfestingar verðbréfasjóða.

Sjóðurinn hefur heimild skv. 38. gr. laga nr. 128/2011 til að binda allt að 100% af eignum sjóðsins í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum skv. 5. mgr. 35. gr. laga nr. 128/2011. Í slíkum tilvikum skulu fjárfestingar sjóðsins dreifast að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærrí fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsins, samræmi við ákvæði 38. gr. laga nr. 128/2011.

Þegar eign sjóðsins í slíkum bréfum nemur allt að 35% nýtir sjóðurinn sér heimildir 5. mgr. 35. gr. laga nr. 128/2011.

Sjóðnum er óheimilt, skv. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 128/2011, að eiga meira en 10% í reiðufé eða auðseljanlegum eignum á hverjum tíma, nema slíkt sé til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa og Fjármálaeftirlitið hafi veitt slíka tímabundna heimild. Slíkar eignir mega ekki vera hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Sjóðnum er óheimilt að fjárfesta í afleiðum.

Fjárfestingarheimildir sjóðsdeildarinnar takmarkast við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu og fjárfestingarheimildum verðbréfasjóða skv. lögum nr. 128/2011.

Með skipulögðum verðbréfamarkaði, sem sjóðnum er heimilt að fjárfesta á, er átt við skipulegan verðbréfamarkað samkvæmt gildandi lögum hverju sinni.

**Sundurliðun fjárfestinga:**

Eignaflokkur	Lágmark	Hámark
Innlán fjármálafyrirtækja	0%	60%
Innlán fjármálafyrirtækja	0%	60%
Verðbréfasjóðir sem fjárfesta aðallega í innlánnum	0%	60%
Fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta aðallega í innlánnum	0%	60%
Skuldabréf	20%	100%
Skuldabréf og víxlar útgefin af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess	0%	90%
Verðbréfasjóðir sem fjárfesta aðallega í ríkisskuldabréfum	10%	80%
Fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta aðallega í ríkisskuldabréfum	0%	50%
Fagfjárfestastjóðir sem fjárfesta aðallega í skuldabréfum	0%	20%
Verðbréfasjóðir sem fjárfesta aðallega í skuldabréfum	0%	20%
Fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta aðallega í skuldabréfum	0%	20%
Skuldabréf og víxlar önnur en getið er hér að ofan	0%	20%

**Sérstakar fjárfestingartakmarkanir:** Sjóðsdeildinni er heimilt að fjárfesta allt að 50% af eignum sínum í erlendum fjármálagerningum.

**(B) Eignaleið II – Varfærið safn**

Fjárfestingarmarkmið Eignaleiðar II – Varfæris safns er að auka verðmæti eigenda sjóðsins á virkan hátt með fjárfestingum í innlendum og erlendum ríkisskuldabréfum auk innlendum og erlendum hlutabréfum skráðum á skipulögðum mörkuðum. Jafnframt hefur sjóðsdeildin heimild til að fjárfesta í öðrum innlendum og erlendum skuldabréfum, hlutabréfum og innlánnum fjármálafyrirtækja. Fjárfestingar sjóðsins eru í verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestastjóðum auk stökum verðbréfum. Nánari sundurliðun fjárfestinga er í töflu hér að neðan.

Sjóðurinn nýtir sér heimild 2. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 til að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða allt að 20% af eignum sínum.

Sjóðurinn nýtir sér heimild 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 til að binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðsins í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda enda sé fjárfesting yfir 20% af eignum sjóðsins aðeins í einum útgefanda.

Í 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði, er kveðið á um hámark fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og innlánnum sama útgefanda.

Sjóðurinn nýtir sér heimild 5. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 til að fjárfesta meira en 30% af eignum sjóðsins í fjárfestingarsjóðum.

Þá er sjóðnum heimilt, skv. b-lið, 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011, að binda allt að 30% eigna sinna í innlánnum fjármálafyrirtækja.

Aðrar fjárfestingarheimildir 59. gr. laga nr. 128/2011 er sjóðsdeildinni ekki heimilt að nýta. Að öðru leyti fer því um fjárfestingar sjóðsins eftir II. kafla F í lögnum sem gildir um fjárfestingar verðbréfasjóða.

Sjóðurinn hefur heimild skv. 38. gr. laga nr. 128/2011 til að binda allt að 100% af eignum sjóðsins í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum skv. 5. mgr. 35. gr. laga nr. 128/2011. Í slíkum tilvikum skulu fjárfestingar sjóðsins dreifast að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsins, samræmi við ákvæði 38. gr. laga nr. 128/2011.

Þegar eign sjóðsins í slíkum bréfum nemur allt að 35% nýtir sjóðurinn sér heimildir 5. mgr. 35. gr. laga nr. 128/2011.

Sjóðnum er óheimilt, skv. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 128/2011, að eiga meira en 10% í reiðufé eða auðseljanlegum eignum á hverjum tíma, nema slíkt sé til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa og Fjármálaeftirlitið hafi veitt slíka tímabundna heimild. Slíkar eignir mega þó ekki vera hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Sjóðnum er óheimilt að fjárfesta í afleiðum.

Fjárfestingarheimildir sjóðsdeildarinnar takmarkast við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu og fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða skv. lögum nr. 128/2011.

Með skipulögðum verðbréfamarkaði, sem sjóðnum er heimilt að fjárfesta á, er átt við skipulegan verðbréfamarkað samkvæmt gildandi lögum hverju sinni.

Sundurliðun fjárfestinga:

Eignaflokkur	Lágmark	Hámark
Hlutabréf	0%	25%
Verðbréfasjóðir sem fjárfesta í hlutabréfum	0%	25%
Fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta í hlutabréfum	0%	25%
Fagfjárfestingsjóðir sem fjárfesta í hlutabréfum og tengdum afurðum	0%	10%
Skráð hlutabréf	0%	15%
Óskráð hlutabréf	0%	10%
Samlagshlutafélög	0%	10%
Innlán fjármálafyrirtækja	0%	60%
Innlán fjármálafyrirtækja	0%	60%
Verðbréfasjóðir sem fjárfesta aðallega í innlánnum fjármálafyrirtækja	0%	60%
Fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta aðallega í innlánnum fjármálafyrirtækja	0%	60%
Skuldabréf	20%	100%
Skuldabréf og víxlar útgefin af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess	0%	90%
Verðbréfasjóðir sem fjárfesta aðallega í ríkisskuldabréfum	10%	80%
Fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta aðallega í ríkisskuldabréfum	0%	50%
Fagfjárfestingsjóðir sem fjárfesta aðallega í skuldabréfum og víxlum útgefnunum af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess	0%	20%
Fagfjárfestingsjóðir sem fjárfesta aðallega í skuldabréfum og tengdum afurðum	0%	10%
Verðbréfasjóðir sem fjárfesta aðallega í skuldabréfum	0%	15%
Fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta aðallega í skuldabréfum	0%	15%
Innlend skuldabréf og víxlar önnur en getið er hér að ofan	0%	20%

**Sérstakar fjárfestingartakmarkanir:** Sjóðsdeildinni er heimilt að fjárfesta allt að 50% af eignum sínum í erlendum fjármálagerningum.

### (C) Eignaleið III – Blandað safn

Fjárfestingarmarkmið Eignaleiðar III – Blandað safns er að auka verðmæti eigenda sjóðsins á virkan hátt með fjárfestingum í innlendum og erlendum ríkisskuldabréfum auk innlendum og erlendum hlutabréfum skráðum á skipulögðum mörkuðum. Jafnframt hefur sjóðsdeildin heimild til að fjárfesta í öðrum innlendum og erlendum skuldabréfum, og innlánum fjármálafyrirtækja. Fjárfestingar sjóðsins eru í verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóðum auk stökum verðbréfum. Nánari sundurliðun fjárfestinga er í töflu hér að neðan.

Sjóðurinn nýtir sér heimild 2. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 til að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða allt að 20% af eignum sínum.

Sjóðurinn nýtir sér heimild 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 til að binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðsins í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda enda sé fjárfesting yfir 20% af eignum sjóðsins aðeins í einum útgefanda.

Sjóðurinn nýtir sér heimild 5. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 til að fjárfesta meira en 30% af eignum sjóðsins í fjárfestingarsjóðum.

Þá er sjóðnum heimilt, skv. b-lið, 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011, að binda allt að 30% eigna sinna í innlánum fjármálafyrirtækja.

Í 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, er kveðið á um hámark fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og innlánum sama útgefanda.

Aðrar fjárfestingarheimildir 59. gr. laga nr. 128/2011 er sjóðsdeildinni ekki heimilt að nýta. Að öðru leyti fer því um fjárfestingar sjóðsins eftir II. kafla F í lögnum sem gildir um fjárfestingar verðbréfasjóða.

Sjóðurinn hefur heimild skv. 38. gr. laga nr. 128/2011 til að binda allt að 100% af eignum sjóðsins í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum skv. 5. mgr. 35. gr. laga nr. 128/2011. Í slíkum tilvikum skulu fjárfestingar sjóðsins dreifast að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsins, samræmi við ákvæði 38. gr. laga nr. 128/2011.

Þegar eign sjóðsins í slíkum bréfum nemur allt að 35% nýtir sjóðurinn sér heimildir 5. mgr. 35. gr. laga nr. 128/2011.

Sjóðnum er óheimilt, skv. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 128/2011, að eiga meira en 10% í reiðufé eða auðseljanlegum eignum á hverjum tíma, nema slíkt sé til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa og Fjármálaeftirlitið hafi veitt slíka tímabundna heimild. Slíkar eignir mega þó ekki vera hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Sjóðnum er óheimilt að fjárfesta í afleiðum.

Fjárfestingarheimildir sjóðsdeildarinnar takmarkast við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu og fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða skv. lögum nr. 128/2011.

Með skipulögðum verðbréfamarkaði, sem sjóðnum er heimilt að fjárfesta á, er átt við skipulegan verðbréfamarkað samkvæmt gildandi lögum hverju sinni.

Sundurliðun fjárfestinga:

Eignaflokkur	Lágmark	Hámark
<b>Hlutabréf</b>	0%	50%
Verðbréfasjóðir sem fjárfesta í hlutabréfum	0%	50%
Fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta í hlutabréfum	0%	50%
Fagfjárfestingsjóðir sem fjárfesta aðallega í hlutabréfum og tengdum afurðum	0%	20%
Skráð hlutabréf	0%	30%
Óskráð hlutabréf	0%	10%
Samlagshlutafélög	0%	10%
<b>Innlán fjármálafyrirtækja</b>	0%	60%
Innlán fjármálafyrirtækja	0%	60%
Verðbréfasjóðir sem fjárfesta aðallega í innlánnum	0%	60%
Fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta aðallega í innlánnum	0%	60%
<b>Skuldabréf</b>	20%	100%
Skuldabréf og víxlar útgefin af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess	0%	90%
Verðbréfasjóðir sem fjárfesta aðallega í ríkisskuldabréfum	10%	80%
Fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta aðallega í ríkisskuldabréfum	0%	50%
Fagfjárfestingsjóðir sem fjárfesta aðallega í ríkisskuldabréfum	0%	20%
Fagfjárfestingsjóðir sem fjárfesta aðallega í skuldabréfum og tengdum afurðum	0%	10%
Verðbréfasjóðir sem fjárfesta aðallega í skuldabréfum	0%	15%
Fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta aðallega í skuldabréfum	0%	15%
Innlend skuldabréf og víxlar önnur en getið er hér að ofan	0%	20%

**Sérstakar fjárfestingartakmarkanir:** Sjóðsdeildinni er heimilt að fjárfesta allt að 50% af eignum sínum í erlendum fjármálagerningum.



#### (D) Eignaleið IV – Vaxtarsafn

Fjárfestingarmarkmið Eignaleiðar IV – Vaxtarsafns er að auka verðmæti eigenda sjóðsins á virkan hátt með fjárfestingum í innlendum og erlendum ríkisskuldabréfum auk innlendum og erlendum hlutabréfum skráðum á skipulögðum mörkuðum. Jafnframt hefur sjóðsdeildin heimild til að fjárfesta í öðrum innlendum og erlendum skuldabréfum, og innlánum fjármálafyrirtækja. Fjárfestingar sjóðsins eru í verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestastjóðum auk stökum verðbréfum. Nánari sundurliðun fjárfestinga er í töflu hér að neðan.

Sjóðurinn nýtir sér heimild 2. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 til að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða allt að 20% af eignum sínum.

Sjóðurinn nýtir sér heimild 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 til að binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðsins í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda enda sé fjárfesting yfir 20% af eignum sjóðsins aðeins í einum útgefanda.

Sjóðurinn nýtir sér heimild 5. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 til að fjárfesta meira en 30% af eignum sjóðsins í fjárfestingarsjóðum.

Þá er sjóðnum heimilt, skv. b-lið, 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011, að binda allt að 30% eigna sinna í innlánum fjármálafyrirtækja.

Í 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði, er kveðið á um hámark fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og innlánum sama útgefanda.

Aðrar fjárfestingarheimildir 59. gr. laga nr. 128/2011 er sjóðsdeildinni ekki heimilt að nýta. Að öðru leyti fer því um fjárfestingar sjóðsins eftir II. kafla F í lögnum sem gildir um fjárfestingar verðbréfasjóða.

Sjóðurinn hefur heimild skv. 38. gr. laga nr. 128/2011 til að binda allt að 100% af eignum sjóðsins í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum skv. 5. mgr. 35. gr. laga nr. 128/2011. Í slíkum tilvikum skulu fjárfestingar sjóðsins dreifast að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsins, samræmi við ákvæði 38. gr. laga nr. 128/2011.

Þegar eign sjóðsins í slíkum bréfum nemur allt að 35% nýtir sjóðurinn sér heimildir 5. mgr. 35. gr. laga nr. 128/2011.

Sjóðnum er óheimilt, skv. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 128/2011, að eiga meira en 10% í reiðufé eða auðseljanlegum eignum á hverjum tíma, nema slíkt sé til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa og Fjármálaeftirlitið hafi veitt slíka tímabundna heimild. Slíkar eignir mega þó ekki vera hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Sjóðnum er óheimilt að fjárfesta í afleiðum.

Fjárfestingarheimildir sjóðsdeildarinnar takmarkast við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu og fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða skv. lögum nr. 128/2011.

Með skipulögðum verðbréfamarkaði, sem sjóðnum er heimilt að fjárfesta á, er átt við skipulegan verðbréfamarkað samkvæmt gildandi lögum hverju sinni.



Sundurliðun fjárfestinga:

Eignaflokkur	Lágmark	Hámark
Hlutabréf	0%	75%
Verðbréfasjóðir sem fjárfesta í hlutabréfum	0%	70%
Fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta í hlutabréfum	0%	70%
Fagfjárfestingsjóðir sem fjárfesta aðallega í hlutabréfum og tengdum afurðum	0%	20%
Skráð hlutabréf	0%	50%
Óskráð hlutabréf	0%	10%
Samlagshlutafélög	0%	10%
Innlán fjármálafyrirtækja	0%	60%
Innlán fjármálafyrirtækja	0%	60%
Verðbréfasjóðir sem fjárfesta aðallega í innlánnum	0%	60%
Fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta aðallega í innlánnum	0%	60%
Skuldabréf	20%	100%
Skuldabréf og víxlar útgefin af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess	0%	90%
Verðbréfasjóðir sem fjárfesta aðallega í skuldabréfum	10%	80%
Fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta aðallega í ríkisskuldabréfum	0%	50%
Fagfjárfestingsjóðir sem fjárfesta aðallega í ríkisskuldabréfum	0%	20%
Fagfjárfestingsjóðir sem fjárfesta aðallega í skuldabréfum og tengdum afurðum	0%	10%
Verðbréfasjóðir sem fjárfesta aðallega í skuldabréfum	0%	15%
Fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta aðallega í skuldabréfum	0%	15%
Innlend skuldabréf og víxlar önnur en getið er hér að ofan	0%	20%

**Sérstakar fjárfestingartakmarkanir:** Sjóðsdeildinni er heimilt að fjárfesta allt að 50% af eignum sínum í erlendum fjármálagerningum.

#### (E) Eignaleið V – Hlutabrefasafn

Fjárfestingarmarkmið Eignaleiðar V – Hlutabrefasafns er að auka verðmæti eigenda sjóðsins á virkan hátt með fjárfestingum í innlendum og erlendum hlutabréfum skráðum á skipulögðum mörkuðum s.s. í Kauphöll Íslands og First North auk innlendra og erlendra ríkisskuldabréfa Jafnframt hefur sjóðsdeildin heimild til að fjárfesta í öðrum innlendum og erlendum skuldabréfum, og innlánum fjármálafyrirtækja. Fjárfestingar sjóðsins eru í verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestastjóðum auk stökum verðbréfum. Nánari sundurliðun fjárfestinga er í töflu hér að neðan.

Sjóðurinn nýtir sér heimild 2. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 til að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða allt að 20% af eignum sínum.

Sjóðurinn nýtir sér heimild 3. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 til að fjárfesta í óskráðum verðbréfum. Fjárfesting í óskráðum verðbréfum má ekki fara yfir 10% af eignum deildarinnar.

Sjóðurinn nýtir sér heimild 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 til að binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðsins í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda enda sé fjárfesting yfir 20% af eignum sjóðsins aðeins í einum útgefanda.

Sjóðurinn nýtir sér heimild 5. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 til að fjárfesta meira en 30% af eignum sjóðsins í fjárfestingarsjóðum.

Þá er sjóðnum heimilt, skv. b-lið, 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011, að binda allt að 30% eigna sinna í innlánnum fjármálafyrirtækja.

Í 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði, er kveðið á um hámark fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og innlánnum sama útgefanda.

Aðrar fjárfestingarheimildir 59. gr. laga nr. 128/2011 er sjóðsdeildinni ekki heimilt að nýta. Að öðru leyti fer því um fjárfestingar sjóðsins eftir II. kafla F í lögnum sem gildir um fjárfestingar verðbréfasjóða.

Sjóðurinn hefur heimild skv. 38. gr. laga nr. 128/2011 til að binda allt að 50% af eignum sjóðsins í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum skv. 5. mgr. 35. gr. laga nr. 128/2011. Í slíkum tilvikum skulu fjárfestingar sjóðsins dreifast að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsins, samræmi við ákvæði 38. gr. laga nr. 128/2011.

Þegar eign sjóðsins í slíkum bréfum nemur allt að 35% nýtir sjóðurinn sér heimildir 5. mgr. 35. gr. laga nr. 128/2011.

Sjóðnum er óheimilt, skv. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 128/2011, að eiga meira en 10% í reiðufé eða auðseljanlegum eignum á hverjum tíma, nema slíkt sé til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa og Fjármálaeftirlitið hafi veitt slíka tímabundna heimild. Slíkar eignir mega þó ekki vera hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Sjóðnum er óheimilt að fjárfesta í afleiðum.

Fjárfestingarheimildir sjóðsdeildarinnar takmarkast við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu og fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða skv. lögum nr. 128/2011.

Með skipulögðum verðbréfamarkaði, sem sjóðnum er heimilt að fjárfesta á, er átt við skipulegan verðbréfamarkað samkvæmt gildandi lögum hverju sinni.

## Sundurliðun fjárfestinga

Eignaflokkur	Lágmark	Hamark
<b>Hlutabref</b>	0%	100%
Verðbréfasjóðir sem fjárfesta í hlutabréfum	0%	60%
Fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta í hlutabréfum	0%	60%
Fagfjárfestastjóðir sem fjárfesta aðallega í hlutabréfum og tengdum afurðum	0%	20%
Skráð hlutabréf	0%	70%
Óskráð hlutafélög	0%	10%
Samlagshlutafélög	0%	10%
<b>Innlán</b>	0%	50%
Innlán fjármálafyrirtækja	0%	50%
Verðbréfasjóðir sem fjárfesta aðallega í innlánnum	0%	50%
Fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta aðallega í innlánnum	0%	50%
<b>Skuldabréf</b>	0%	50%
Skuldabréf og víxlar útgefin af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess	0%	50%
Verðbréfasjóðir sem fjárfesta aðallega í ríkisskuldabréfum	0%	40%
Fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta aðallega í ríkisskuldabréfum	0%	30%
Fagfjárfestastjóðir sem fjárfesta aðallega í skuldabréfum og víxlum útgefnum af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess	0%	20%
Fagfjárfestastjóðir sem fjárfesta aðallega í skuldabréfum og tengdum afurðum	0%	10%
Verðbréfasjóðir sem fjárfesta aðallega í skuldabréfum	0%	15%
Fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta aðallega í skuldabréfum	0%	15%
Innlend skuldabréf og víxlar önnur en getið er hér að ofan	0%	20%

**Sérstakar fjárfestingartakmarkanir:** Sjóðsdeildinni er heimilt að fjárfesta allt að 50% af eignum sínum í erlendum fjármálagerningum.

### (F) Sameiginlegar reglur allra sjóðsdeilda

Fjárfestingar sjóðsdeilda þurfa að vera í samræmi við lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði. Skv. 59. grein laga 128/2011 eiga fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða skv. 30-43. gr. sömu laga við um fjárfestingar fjárfestingarsjóða með þeim undantekningum sem koma fram í 2.-7. mgr. 59. gr. laganna. Nánar er greint frá fjárfestingarheimildum í fjárfestingarstefnu hverrar sjóðsdeildar.

Sjóðsdeildum fjárfestingarsjóðs er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu skv. 1. mgr. 59. gr. sbr. 1. mgr. 32. gr. laga nr. 128/2011. Eignirnar skulu seldar jafnskjött og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en innan níu mánaða frá yfirtöku eignanna. Heimilt er þó að draga sölu lengur sé það augljóslega í þágu hagsmuna sjóðsdeildanna. Slíkan drátt á sölu eigna skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu sem getur þá krafist sölu þeirra innan viðeigandi frests.

Sjóðsdeildum er óheimilt að fjárfesta í eðalmálum eða heimildarskírteinum fyrir þeim.

Reglur sjóðsins setja rammann sem honum ber að starfa eftir. Reglur sjóðsins geta aldrei vikið frá heimildum laga.

#### 4. gr.

##### Vörslufyrirtæki sjóðsins.

Vörslufyrirtæki sjóðsins samkvæmt 1. mgr. 57. gr. sbr. 20. gr. laga 128/2011 er Kvika banki hf., kt. 540502-2930, Borgartúni 25, 105 Reykjavík. Júpíter rekstrarfélagi hf. er óheimilt að skipta um vörslufyrirtæki nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Vörslufyrirtæki ber ábyrgð gagnvart rekstrarfélagi og eigendum hlutdeildarskírteina vegna tjóns sem þeir kunna að verða fyrir og rekja má til ásetnings eða gáleysis starfsmanna vörslufyrirtækis við framkvæmd verkefna þess skv. 22. gr. laga nr. 128/2011.

Vörslufyrirtæki skal :

- i) Tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina sjóðsins fari samkvæmt lögum og reglum sjóðsins.
- ii) Tryggja að innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sé reiknað í samræmi við lög og reglur sjóðsins.
- iii) Framfylgja fyrirmælum Júpíters rekstrarfélags hf. nema þau séu í andstöðu við lög og reglur sjóðsins.
- iv) Tryggja að í viðskiptum með eignir sjóðsins sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka.
- v) Tryggja að tekjum sjóðsins sé ráðstafað í samræmi við lög og reglur sjóðsins.

#### 5. gr.

##### Þóknun og kostnaður.

Júpíter rekstrarfélag hf. annast daglegan rekstur Eignastýringarleiðar og umsýslu eigna hans og allra sjóðsdeilda hans í samræmi við ákvarðanir stjórnar Júpíters rekstrarfélags hf.

Umsýsluþóknun Júpíters rekstrarfélags hf. fyrir rekstur sjóðsins skal að hámarki nema 5% árlega af meðaltali verðmætis hreinnar eignar sjóðsins á meðan hann er starfræktur. Umsýsluþóknunin er ákveðið hlutfall af eignum hverrar deildar sem hér segir.

Sjóðsdeild	Árleg þóknun
Eignaleið I - Skuldabréfasafn	0,65%
Eignaleið II - Varfærið safn	0,85%
Eignaleið III - Blandað safn	1,10%
Eignaleið IV - Vaxtarsafn	1,30%
Eignaleið V - Hlutabréfasafn	1,50%

Umsýsluþóknun er reiknuð daglega af verðmæti útistandandi hlutdeildarskírteina eða annarri staðfestingu á tilkalli til verðbréfaeignar hverrar sjóðsdeildar í dagslok.

Auk umsýsluþóknunar rennur sölubóknun til söluaðila fyrir sölu hlutdeildarskírteina í sjóðnum og endurspeglast hún í mun á kaup- og sölugengi á hverjum tíma. Gengismunur kaup- og sölugengis í sjóðsdeildum er sem hér segir:

Sjóðsdeild	Gengismunur
------------	-------------

Eignaleið I - Skuldabréfasafn	0,50%
Eignaleið II - Varfærið safn	0,75%
Eignaleið III - Blandað safn	1,00%
Eignaleið IV - Vaxtarsafn	1,25%
Eignaleið V - Hlutabréfasafn	1,50%

Beinn kostnaður sem fellur til vegna reksturs og umsýslu fyrir sjóðinn, s.s. vegna umsjónar og vörslu fjármálagerninga, kostnaður vegna Fjármálaeftirlits, lögfræðistarfa, ýmissa ráðgjafastarfa, rafrænnar skráningar ef við á, kostnaður vegna tilkynninga til eigenda hlutdeildarskírteina, sölu og kaupþóknunar fjármálagerninga, afföll við sölu fjármálagerninga og annarra eigna, þóknunar vegna viðskipta og aðrir liðir sem eru til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa verða greiddir af sjóðsdeildum. Kostnaður vegna endurskoðunar verður greiddur af Júpíter rekstrarfélagi hf.

Einstaka sjóðsdeildum Eignastýringarleiða er heimilt að innheimta upphafspóknun við kaup á hlutdeildarskírteinum. Sú upphafspóknun getur að hámarki numið 5% af innborgunarfjárhæð. Upphafspóknun rennur til Júpíters rekstrarfélags hf. og söluaðila samkvæmt samningi þeirra á milli. Engin upphafspóknun er hjá sjóðsdeildum Eignastýringarleiða í dag. Afgreiðslugjald með hlutdeildarskírteini er nú kr. 400 en er háð gjaldskrá Kviku banka hf.

Einstaka sjóðsdeildum Eignastýringarleiða er heimilt að innheimta útgöngugjald ef innleyst er áður en sex mánuðir eru liðnir frá kaupum. Útgöngugjaldið getur að hámarki numið 1%. Ekkert útgöngugjald er hjá sjóðsdeildum Eignastýringarleiða í dag.

Við flutning milli sjóðsdeilda sem Júpíter rekstrarfélag hf. rekur er heimilt að taka gjald sem nemur að hámarki 0,5% af markaðsverðmæti þess sem flutt er. Við flutning er veittur afsláttur af gengismun og/eða upphafspóknun þeirrar sjóðsdeildar sem flutt er í þannig að hámarkskostnaður við flutning er 0,5% af markaðsverðmæti þess sem flutt er.

Sjóðurinn fjárfestir ekki í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem bera hærri stjórnunarkostnað en 5%.

#### 6. gr.

##### Markaðssetning

Eignastýringarleiðir er fjárfestingarsjóður skv. III kafla laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði og hefur því aðeins heimild til markaðssetningar á Íslandi.

#### 7. gr.

##### Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra

Hlutdeildarskírteini verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs. Hlutdeildarskírteinishafi fær kvittun fyrir kaupum og þar kemur fram heiti sjóðsdeildar, keypt nafnverð, kaupgengi og kaupdagsetning. Júpíter rekstrarfélagi hf. er ekki skylt að gefa út hlutdeildarskírteini nema hlutdeildarskírteinishafi óski sérstaklega eftir því. Óski hlutdeildarskírteinishafi eftir því að fá útgefið hlutdeildarskírteini þá verður það útbúið og sent í ábyrgðarpósti eigi síðar en 30 dögum eftir að kaupin eiga sér stað og söluaðili hefur gefið út kvittun.

Eignarhlutdeild í sjóðnum skal seld eða innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir í dagslok á innlausnardeg. Heimilt er að fresta innlausn hlutdeildarskírteina, mæli sérstakar

ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess, enda séu skilyrði laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, uppfyllt.

Innlausnarverð sjóðsins er reiknað og birt daglega, á virkum dögum, á heimasíðu Júpíters rekstrarfélags hf., [www.jupiter.is](http://www.jupiter.is). Ekki er birt sérstakt kaupgengi eða sölugengi heldur er reiknað innlausnarverð sjóðsdeilda daglega. Gengismunur sjóðsdeildanna ákvarðar síðan nákvæmlega hvert sölugengi sjóðsins er á hverjum tíma.

Beiðnir um viðskipti þurfa að berast Júpíter rekstrarfélagi hf. eða Kviku banka. Uppgjörstími sjóðsdeilda er sem hér segir:

Sjóðsdeild	Kauppöntun	Sölupöntun	Kauppöntun eftir viðskiptatíma	Sölupöntun eftir viðskiptatíma
Eignaleið I - Skuldabréfasafn	T+2	T+2	T+3	T+3
Eignaleið II - Varfærið safn	T+2	T+2	T+3	T+3
Eignaleið III - Blandað safn	T+2	T+2	T+3	T+3
Eignaleið IV - Vaxtarsafn	T+2	T+2	T+3	T+3
Eignaleið V - Hlutabréfasafn	T+2	T+2	T+3	T+3

Viðskiptatími sjóðsdeilda er sem hér segir:

Sjóðsdeild	Viðskiptatími
Eignaleið I - Skuldabréfasafn	09:00-14:00
Eignaleið II - Varfærið safn	09:00-14:00
Eignaleið III - Blandað safn	09:00-14:00
Eignaleið IV - Vaxtarsafn	09:00-14:00
Eignaleið V - Hlutabréfasafn	09:00-14:00

Þegar keypt er í sjóðsdeild skal kaupandi greiða sölugengi eins og það er við lok þess dags sem viðskiptin eru afgreidd. Innifalið í sölugengi er sölupóknun söluaðila. Kaupendur greiða til viðbótar gjald við afgreiðslu og einnig gjald við útgáfu hlutdeildarskírteina ef farið er fram á útgáfu hlutdeildarskírteina.

Júpíter rekstrarfélagi hf. er heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess. Frestunin skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og annarra staðfestinga á tilkalli til eignar. Henni verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess. Frestun á innlausn skal ekki standa lengur en nauðsyn krefur og skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega. Er frestun á innlausn lýkur skal tilkynna opnun sjóða með sama hætti og getið er um hér að ofan. Standi frestun lengur en fjórar vikur samfelld skal tilkynna opnun sjóða með bréfi til hlutdeildarskírteinishafa eða öðrum sambærilegum hætti.



## 8. gr.

### Ráðstofun arðs og annars hagnaðar

Arður, vaxtatekjur og aðrar tekjur sem kunna að myndast af fjármálagerningum og öðrum eignum í eigu einstakra sjóðsdeilda verður ráðstafað til endurfjárfestinga og þ.a.l. bætt við höfuðstól sjóðsins.

## 9. gr

### Útreikningur á innlausnarvirði hlutar

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í sjóðnum er markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins að frádregnum skuldum hans við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleysta hlutdeildarskírteina. Um útreikning á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti skv. gildandi reglugerð á hverjum tíma.

## 10. gr.

### Um samruna sjóða eða sjóðsdeilda

Stjórn Júpíters rekstrarfélags hf. tekur ákvörðun um hvers konar samruna eða sameiningu sjóðsins við annan fjárfestingarsjóð eða einstakra sjóðsdeilda hans innan Fjárfestingarsjóðs Júpíters. Fjárfestingarsjóðir sem hyggjast renna saman skulu gera sameiginlega samrunaáætlun. Samþykki Fjármálaeftirlitsins er krafist vegna innleindra samruna. Sé um millilandasamruna að ræða þarf samþykki lögbærs eftirlitsaðila samrunasjóðs og skal samruni vera í samræmi við lög og reglur heimaríkis samrunasjóðs.

Stjórn Júpíters rekstrarfélags hf. skal gæta þess í allri framkvæmd að hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina sjóðsdeilda séu ávallt hafðir í fyrirrúmi og kalla til óháðan aðila til að fara yfir og leggja mat á samrunann og þau kjör sem eigendum hlutdeildarskírteina standa til boða varðandi hlutdeild í sameinuðum sjóði.

Við sameiningu sjóðsdeilda við aðra sjóðsdeild skulu eigendur hlutdeildarskírteina fá einingar í sameinaðri sjóðsdeild í réttu hlutfalli við eign sína. Tilkynna skal eigendum hlutdeildarskírteina bréflega um samruna sjóðsins og skal tilkynningin innihalda skilmála samruna og gildistöku breytinga. Þá skulu hlutdeildarskírteinishöfum veittar nákvæmar og fullnægjandi upplýsingar um fyrirhugaðan samruna, þ. á m:

- i) upplýsingar um ástæður og aðdraganda fyrirhugaðs samruna,
- ii) þau áhrif sem álitid er að samruninn muni hafa á hlutdeildarskírteinishafa, m.a. breytingar á fjárfestingarstefnu, væntan árangur, reglubundnar skýrslur og, ef við á, viðvörðun til fjárfesta um að skattaleg meðferð geti breyst vegna fyrirhugaðs samruna,
- iii) réttindi hlutdeildarskírteinishafa vegna fyrirhugaðs samruna, rétt hlutdeildarskírteinishafa til innlausnar og, ef við á, rétt þeirra til að skipta hlutdeildarskírteinum sínum endurgjaldslaust og innan hvaða tímamarka þeir geti nýtt þau réttindi sín,
- iv) atriði sem varða málsmeðferð og áætlaðan gildistöku dag samrunans, og
- v) lykilupplýsingar yfirtökusjóðs.

Hlutdeildarskírteinishafar skulu eiga rétt á að innleysa hlutdeildarskírteini sín samkvæmt reglum sjóðanna án annars gjalds en þess sem fjárfestingarsjóðurinn heldur eftir til að standa undir kostnaði við sölu eigna og, ef við á, skal eigendum hlutdeildarskírteina heimilt að óska eftir því að skipta hlutdeildarskírteinum sínum í hlutdeildarskírteini í öðrum fjárfestingarsjóði með sambærilega fjárfestingarstefnu sem er stjórnað af sama rekstrarfélagi eða félagi sem rekstrarfélagið er tengt í gegnum sameiginlega stjórnun eða beint eða óbeint eignarhald. Innlausarskyldan tekur gildi þegar hlutdeildarskírteinishafar hafa fengið fullnægjandi



upplýsingar um samrunann og gildir þar til fimm virkum dögum fyrir viðmiðunardag við útreikning á skiptihlutfalli samrunans.

Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa samkvæmt reglum þessum skal send eigi síðar en 30 dögum áður en innlausnarskyldu lýkur.

Að öðru leyti skal farið með tillögur um hvers konar samruna eða sameiningu sjóðsins eða sjóðsdeilda sem um breytingar á reglum þessum, sbr. 12. gr.

#### 11 gr.

##### Um slit sjóðsins eða sjóðsdeildar.

Stjórn Júpíters rekstrarfélags hf. tekur ákvörðun um slit sjóðsins eða einstakra sjóðsdeilda hans. Ástæður sem gætu legið að baki slíkri ákvörðun er t.d. ef stærð sjóðsdeildar fer undir lögbundna lágmarksfjárhæð eða ef markaðsaðstæður eru á þann veg að hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa eru best varðir með því að slíta sjóðnum.

Ef kemur til þess að sjóðnum eða einstaka sjóðsdeild verði slitið skal koma eignum í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi og söluandvirði skipt niður á hlutdeildarskírteinishafa í hlutfalli við eign þeirra í sjóðnum og að teknu tilliti til kostnaðar. Heimilt er að deila eignum sjóðsins í heild eða hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa á sanngjarnan hátt.

Tilkynna skal eigendum hlutdeildarskírteina bréflega um slit sjóðsins eða sjóðsdeilda og skal tilkynningin innihalda skilmála slitanna og gildistöku breytinga.

Fara skal með tillögur um slit Eignastýringarleiða eða sjóðsdeilda sem um breytingar á reglum þessum, sbr. 12. gr.

#### 12 gr

##### Breytingar á reglum sjóðsins

Stjórn Júpíters rekstrarfélags hf. getur að fengnum tillögum sjóðstjóra eða að eigin frumkvæði breytt reglum þessum hvenær sem er. Breytingin öðlast hins vegar ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Breytingin öðlast gildi eigi síðar en þremur mánuðum eftir staðfestingu nema Fjármálaeftirlitið ákveði annað. Breytingarnar skulu tilkynntar í Lögbirtingablaðinu að frumkvæði Fjármálaeftirlitsins.

Júpíter rekstrarfélag hf. skal tilkynna eigendum hlutdeildarskírteina sjóðsins um hverja breytingu á reglum sjóðsins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði og skal það gert skriflega.


#### 13. gr

##### Upplýsingar

Júpíter rekstrarfélag hf. skal birta endurskoðaðan ársreikning og árshlutareikning fyrir félagið, sem inniheldur sérgreindar upplýsingar um sjóðsdeildir Eignastýringarleiða í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma. Jafnframt skal gefa út útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingu þar sem komi fram nauðsynlegar upplýsingar til að fjárfestum sé kleift að meta kosti fjárfestinga í Eignastýringarleiðum í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma.


Stjórn Júpíters rekstrarfélags hf.:

Reykjavík, 23. ágúst 2018



---

Guðlaug Kristbjörg Kristinsdóttir  
stjórnarformaður




---

Óttar Már Ingvason  
varaformaður stjórnar



---

Eva Söley Guðbjörnsdóttir  
meðstjórnandi



---

Ragnar Páll Dyer,  
framkvæmdastjóri Júpíters rekstrarfélags hf.